
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 93. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 15. október 2008, kl. 11:00-13:00
Fundarstaður: EFLA, Bíldshöfða 14
Fundarefni: 1) Áætlun ársins 2009.
2) Staða skráningar.
3) Stuðlar og kostnaður vegna skorts.
4) Ný útgáfa af skráningarkerfinu.
5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Kristín Haralda Cecildóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Ragnar Emilsson
Ívar Þorsteinsson
Jón Vilhjálmsson
Einar Hjaltason
Steingrímur Jónsson
Egill Sigmundsson
Sigfús Guðlaugsson

Efla:

Fjarverandi:

- 1) JV fór yfir drög að áætlun ársins 2009 og sagðist hafa skipt kostnaði í tvennt eins og gert var í fyrsta sinn fyrir árið 2008, þ.e. annars vegar það sem skipt er í hlutföllum milli veitnanna og hins vegar því sem unnið er beint fyrir veiturnar. KHC benti á að líklega mundi þurfa þó nokkra aðstoð á næsta ári vegna nýs skráningarkerfis. NG sagði að langt væri um liðið síðan kostnaður vegna skorts hjá stóriðju var metinn og mikil aukning hefur verið í framleiðslunni hjá þeim síðan þá. Hann taldi því rétt að endurskoða þann þátt á næsta ári og var það samþykkt. Íþ vildi sjá stuðla um afhendingu raforku hjá dreifiveitum með skerðingu frá Landsneti en áfram þyrftu þó að reikna stuðlana án þeirrar skerðingar eins og hingað til. JV var falið að gera þessar breytingar á áætluninni. Áætlunin var samþykkt með fyrirvara um þessar breytingar.
- 2) Farið var yfir stöðu skráningar og sagði NG að skráningin væri í föstum skorðum hjá Landsneti. Truflanir í fyrrverandi Rarik og OV kerfum hafa á þessu ári verið skráðar hjá þeim. GHG sagðist safnað saman skýrslunum um truflanir eins og hann hefur gert undanfarin ár og líklega skrá þær í lok árs. Hugsanlega gæti hann þó gert það

- fyrir. RE sagði að hjá Orkubúi Vestfjarða væri skýrslur skráðar jafn óðum. Eftir væri þó að skrá skýrslur vegna truflana í öðru kerfi. KHC sagði fyrir að janúar til mars væri hún búin að fara yfir og gengi frá apríl til júní fljótlega. Hún talað um að láta fara yfir fyrir helming ársins fyrir áramót og sagði JV að það væri mjög gott til að minnka álag við yfirferð á fyrri hluta næsta árs. KHC sagði halda að skýrslum hefði farið fækkandi að undanförmu vegna minni framkvæmda.
- 3) JV sagðist ekki vera búinn að ganga frá skýrslunum um stuðla og kostnað vegna skorts en mundi gera það fljótlega.
 - 4) EH fór yfir nýja útgáfu af skráningarkerfinu sem er með vefviðmóti. KHC benti á hvort ekki mætti sleppa að þurfa að skipta um ár við skráningu heldur mætti taka árið frá upphafstíma truflunar. Var samþykkt að gera það en ártalið mun þó vera notað áfram til að takmarka fjölda skýrslna sem koma fram þegar verið er að velja skýrslu. Þar mætti einnig setja inn val á tegund skýrslu (A, B, C). NG spurði hvernig hefði farið með tillögur að breytingum á C skráningu. KHC sagði að ekkert hefði orðið úr þeim tillögum þar sem hún hefði viljað bíða með slíkar breytingar. JV sagði að skýrslur til að prenta út væru ekki í þessari útgáfu af kerfinu og væri hugmyndin að huga að slíku á næsta ári og væri best ef það gæti verið nokkuð sjálfstætt og auðvelt að bæta inn nýjum skýrslum. NG sagði að Landsnet væri farið að nota Cognos teninga til að skoða upplýsingar um truflanir. Stefnt er að því að kerfið far í prófanir hjá EFLU fljótlega og seinni partinn í nóvember í viðtökuprófanir hjá START. JV sagði að vinna við kerfið væri komin fram úr áætlun. Samþykkt var að setja fleiri tíma í kerfið en miðað var við í áætlun þó þannig að heildartímafjöldi fyrir START hópinn á árinu fari ekki fram úr áætlun.
 - 5) NG spurði hvernig yrði með heimasíðu START sem væri undir AFL síðunni. JV sagðist mundu skoða það mál en hún gæti verið vissuð hvar sem er en þá þyrfti að finna lén sem nota mætti fyrir hana. START.is er upptekið.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Jón Vilhjálmsson

Sent var til fundarmanna fyrir fundinn:

- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2008. Verkefnishandbók. Drög 1.

Sýnt var á fundinum:

- Nýtt skráningarkerfi fyrir rekstrartruflanir.